

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Sandgerðisbótar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 18. febrúar 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sandgerðisbót.

Breytingin felur í sér að bætt er við íbúðarhúsalóð á svæði þar sem húsið Byrgi stendur, en fyrirhugað er að rífa það hús. Á lóðinni verður heimilt að byggja allt að fjögur lítil einbýlishús sem geta verið á bilinu 25-60 m² að stærð. Stækka skipulagsmörk deiliskipulagsins til samræmis við afmörkun lóðarinnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 15. maí 2020,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2020